



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1955*  
*komudagur 19.4.2004*

Reykjavík 19. apríl 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 749. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 749. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu miðar það í fyrsta lagi að því „að leggja til breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, í því skyni að nýta aðlögunarheimildir sammings um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem tekur gildi 1. maí 2004. Hin nýju ríki sem bætast við hópinn eru: Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

Aðlögunarákvæðin fela m.a. í sér að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hefur lagagildi hér á landi sbr. 1. gr. laga 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildi ekki um launafólk frá hinum nýju aðildarríkjum EES frá gildistöku stækkunarsammingsins fram til 1. maí 2006.


Eins og kemur fram í athugasemdunum með frumvarpinu hefur ríkisstjórnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ákveðið að leggja til að fyrrnefndum aðlögunarákvæðum verði beitt. Kallar það á breytingar á lögum um útlendinga, lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins en um tillögur til breytinga á tveimur síðastnefndum lögum vísast til sérstakra frumvarpa um það efni.

Um annað efni en aðlögunarhluta frumvarpsins til breytinga á lögum um útlendinga hefur ekki verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands og hefur sambandið ekki haft tæk á að móta afstöðu til alls efnis þess. Ljóst er að sumt af því efni er að minnsta kosti umdeilanlegt og kallar að mati sambandsins á mun meiri skoðun og umræðu áður en það verður að lögum.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands áherslu á að sá hluti frumvarpsins sem snýr að aðlögunarfrestum vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins verði afgreiddur fyrir 1. maí n.k. sem og aðrir þeir þættir frumvarpsins sem samstaða er um. Hvað varðar annað efni sem mikill ágreiningur er um, leggur ASÍ til að afgreiðslu verði frestað að sinni til að

tækifæri gefist til skoða þau mál frekar og leita leiða til að skapa sem víðtækasta sátt um niðurstöðuna.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Halldór Grönvold', with a stylized flourish at the end.

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ